


Útsýni frá Heiðartoppum



Heiðartoppur (613 m.y.s) eru einn besti útsýnisstaður á suð-vesturlandi sem fær er gönguskiðafólki. Þessi teikning sýnir helstu kennileiti og örnefni sem sjá má þaðan á björtum degi.

Jarðsaga og umhverfi:


Uppruni nafnsins á fjöllum er óþekktur en fyrst mun það hafa sést fyrir um 300 árum. Bláfjöll og umhverfi þeirra bera glögg merki mikilla eldsumbrota í gegn um tíðina. Enda má segja að Atlantshafshryggurinn liggja hér um. Fjölmargir gígar eru á svæðinu, eins og Strompar, Eldborg, Prihnúkar, Bollarnir, Heiðin há svo að einhverjir séu nefndir. Svæðið hefur að mestu byggst upp í gosum undir jökli eins og bólstrabergið og móbergshryggirnir bera vitni um.

Meginuppstaða svæðisins er bólstraberg en þar ofan á liggur grágrýtisþekja, sem síðar hefur þakist hraunum úr síðari tíma gosum. Heiðin há er einn mikilvirkasti eldgígurinn á svæðinu en frá henni hafa runnið hraun sem þekja um 170 km² lands og rúmmálið er um 6,8 km³. Þorlákshöfn stendur m.a. annars á hrauni frá Heiðinni há. Eitt af merkustu fyrirbærunum á svæðinu er gígopið í austasta hnúknum í Prihnúkum. Gígurinn er 120 m djúpur og ber því að fara þar um af fyllstu varúð.

Skammt vestur af bílastæðunum eru nokkrir hraunhellar, sem áhugavert er að skoða. Hellarnir eru í hrauni sem komið hefur úr Strompum og eru þeir nefndir Stompahellar, þeirra lengstur er Langihellir (700 m).

Skíðasvæðið í Bláfjöllum er innan vatnsverndarsvæðis Orkuveitu Reykjavíkur. Mikið af því vatni sem nýtt er í vatnsbólum höfuðborgarsvæðisins á uppruna sinn hér á þessum slóðum. Því er það ákaflega mikilvægt að umgengni sé góð og vegna vatnsverndarinnar er m.a. öll umferð vélknúinna ökutækja (önnur en sú sem þjónar skíðasvæðunum) bönnuð utan vega á svæðinu.

Til að mæta kostnaði vegna aukinnar þjónustu við gönguskiðafólk, hvetjum við alla til að kaupa dagskort, minnst einu sinni yfir veturinn. Þannig getum við bætt aðstöðu og þjónustu enn frekar.



Skemmtilegar gönguleiðir:

Bláfjallasvæðið býður gönguskiðafólki upp á ótal skemmtilegar leiðir aðrar en þær sem eru merktar að staðaldrí. Við mælum með því að þeir sem leggja upp í lengri ferðir taki með sér skjólfatnað, nesti, kort og áttavita.

- 1 Prihnúkar:** Leiðin í Prihnúka er auðfarin. Prihnúkar eru gígabyrping. Í toppi þess austasta er mikið gígop, um 110 m djúpt. Því skal gæta ítrustu varúðar þar uppi. Af Prihnúkum er fallett útsýni yfir höfuðborgarsvæðið og Heiðmörkina. Vegalengd c.a. 9 km.
- 2 Grindaskörð og Brennisteinsfjöll:** Hér skal merktu leiðinni fylgt, þar til kemur að þeim stað er upplýsta leiðin sveigir upp í brekkurnar. Þá skal haldið beint áfram og í átt til Brennisteinsfjalla. Þar voru Englendingar með brennisteinsnámur um 1880. Síðan skal haldið í átt að Grindaskörðum og til baka í Bláfjöll. Vegalengd c.a. 21 km.
- 3 Leiti:** Leiti er einn mesti eldgígur á suð-vestur Íslandi. Gígurinn er þó lítið áberandi, utan í fjallshlíð norð-austarlega í Bláfjallafjallgarðinum. Hraunið rann út í sjó við Þorlákshöfn og allt vestur í Elliðaárvog í Reykjavík og myndaði m.a. Rauðhóla. Á þessari leið er einna einfaldast að ganga norðusaustan við Kerlingarhnúk og síðan austan við Bláfjallafjallgarðinn. Vegalengdin er u.þ.b. 10 km hvor leið.
- 4 Þrengslavegamót:** Hér er um skemmtilega leið að ræða. Lengst af er fylgt sömu leið og í Leiti en síðan er haldið í gegnum skarðið á milli Lambafells og Lambafellshnúks og niður að vegamótunum, þar sem tilvalið er að láta sækja sig. Vegalengd c.a. 15 km.
- 5 Heiðmörk:** Þegar mikill snjór er, er tilvalið að ganga langleiðina til Reykjavíkur. Þá er þægilegast að ganga austan við Stóra-Kóngsfell og stefna síðan beint til norðurs á Sandfell. Þaðan er leiðin auðveld til norð-vesturs niður í Heiðmörk. Vegalengd c.a. 13 km.
- 6 Kleifarvatn:** Þegar gengið er að Kleifarvatni er auðveldast að halda að Brennisteinsfjöllum. Þaðan er farið upp á fjallsbrúnina og beint til vesturs að Kleifarvatni. Síðan er gengið meðfram vatninu. Annað hvort að Vatnsskarði eða að suðurenda vatnsins. Við mælum aðeins með þessari leið fyrir vana skíðamenn. Vegalengd c.a. 20 km.